

Mál 8/2014

Ár 2014, mánudaginn 16. febrúar 2015, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Siðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 8/2014

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 18. mars 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Z) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann ZZ án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð né gilda DNA niðurstöðu við pörun. Kæran var send kærða til umsagnar og andsvara með bréfi dagsettu 23. apríl og honum gefinn frestur til 21. maí. Kærði nýtti sér ekki andmælafrestinn og var honum send ítrekun með bréfi dagsettu 14. október þar sem hann fékk viðbótarfrest til 21. október, sem kærði sinnti ekki heldur. Þar eð siðanefnd taldi útséð um að kærði myndi nýta sér rétt sinn til andsvara þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 23.09.2013 var tíkin XX pöruð við rakkann ZZ án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð né gildar DNA niðurstöður við pörun. Hundarnir eru af kyninu Poodle toy og er tíkin í eigu kærða. Kærði hefur ekki nýtt sér andmælafrest sinn þrátt fyrir ítrekun né á neinn hátt reynt að halda uppi vörnum í málinu. Siðnefnd ákvað því að taka málið til úrskurðar sem byggt myndi á fyrirbyggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Poodle toy:

„Augnskoðun: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Eftir 12 mánaða aldur gildir augnvottorð ævilangt. (Gildir frá 01.01.2011).

(Augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.11.99-01.01.2011)).

Ræktunardýr verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman tvo arfbera PRA. Heimilt er þó að para PRA arfbera svo framanlega sem hinn hundurinn er ekki arfberi PRA (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P).

(Gildir frá 01.01.2011).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012)“.

Í málinu liggur ljóst fyrir að tíkin var ekki með gilt augnvottorð við pörun né gildar DNA niðurstöður en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Poodle toy skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun og ræktunardýr þurfa að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA. Augnvottorð og DNA próf eru vottorð sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins til þess að tryggj sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og DNA prófuð og til allra heilla staðist skoðun, en það breytir ekki brotinu að hafa staðist skoðun eftir á, það gat kærði ekki séð fyrir. Hefur kærði því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og telur siðanefnd hæfilega refsingu vera áminningu.

IV. Niðurstaða

Kærði Z telst hafa gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærði er áminntur.

Anna María Flygenring

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir